

Grænt bókhald

Skýrsla Gámaþjónustu Norðurlands ehf.  
Fyrir árið 2018



**GÁMAÞJÓNUSTA**  
**NORÐURLANDS EHF.**  
*BÆTT UMHVERFI - BETRI FRAMTÍÐ*

Gámaþjónusta Norðurlands ehf.  
Kt. 481287-1039

Hlíðarvöllum  
603 Akureyri

## **Inngangur**

Gámaþjónusta Norðurlands var stofnað árið 1987. Fyrirtækið flutti starfsemi sína að Hlíðarvöllum á Akureyri árið 2012. Sagaplast sameinaðist Gámaþjónustu Norðurlands 2013 á sama svæði hafði það áður verið rekið sem sérstakt fyrirtæki á sviði spilliefnamóttöku. Gámaþjónusta Norðurlands þjónustar viðskiptavinum á breiðum grundvelli úrgangs og endurvinnslu. Einn þáttur starfseminnar er spilliefnamóttaka og móttaka raftækja. Þessi þáttur er ekki sértaklega greindur frá öðrum rekstrarþáttum í samantektinni yfir grænt bókhald.

Bifreiðar sem notaðir eru í þessi verkefni fyrirtækisins ganga fyrir díselolíu. Tækjabúnaður allur svo sem pressur og færibönd auk allra ljósa nota rafmagn en húsakynni eru hituð með heitu vatni frá hitaveitu.

Gámaþjónusta Norðurlands er eitt af dótturfyrirtækjum Gámaþjónustunnar hf. Í skýrslunni eru stuttar almennar upplýsingar um fyrirtækið og hlutverk þess og sagt frá því hvernig umhverfismálum er háttað.

## **Almennar upplýsingar um fyrirtækið**

### **Fyrirtækið Gámaþjónusta Norðurlands ehf.**

Gámaþjónusta Norðurlands ehf. var stofnað árið 1987. Heimilisfangið er Hlíðarvellir, 603 Akureyri.

### **Eigandi:**

Gámaþjónustan hf.

### **Stjórnarformaður:**

Bernharð Hreinsson

### **Framkvæmdastjóri:**

Gunnar Bragason

### **Rekstrarstjóri:**

Helgi Pálsson

### **Starfsleyfi**

Starfsleyfi sem Umhverfisstofnun gaf út fyrir Gámaþjónustu Norðurlands og gildir til 24.maí 2027. Eftirlitsaðili Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra.

Starfsleyfi Sagaplast sem síðan er flutt yfir til Gámaþjónustu Norðurlands og gildir til 16. Júlí 2028. Eftirlitsaðili er UST.

## Stöðugildi hjá Gámaþjónustu Norðurlands ehf.

Meðalfjöldi starfsmanna umreiknaður í heilsársstörf var u.þ.b. 37 á árinu 2018.

## Hlutverk Gámaþjónustu Norðurlands ehf.

Hlutverk Gámaþjónustu Norðurlands er að taka við úrgangi frá einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum og sjá um að koma þeim í endurvinnslu, endurnýtingu eða eyða þeim á faglegan og öruggan hátt fyrir umhverfið.

Gámaþjónusta Norðurlands ehf. er í samvinnu við viðurkennda og trausta aðila um vinnu, nýtingu eða eyðingu efna, bæði innanlands og erlendis.

## Umhverfisstefna og umhverfisstjórnun

Stjórn Gámaþjónustunnar hf. móðurfélags Gámaþjónusta Norðurlands ehf. hefur samþykkt umhverfisstefnu til að skýra áherslur fyrirtækisins og dótturfélaga í umhverfismálum.

Í júlí 2015 hlaut Gámaþjónusta Norðurlands formlega vottun hjá BSI og var sú vottun uppfærð í júní 2018.

Umhverfsvottuninni fylgir að innri úttektir eru tíðar og fylgst verður náið með hinum ýmsu umhverfisþáttum. Ytri úttektir eftirlitsaðili frá BSI eru síðan reglulegar.

 <b>Certificate of Registration</b> ENVIRONMENTAL MANAGEMENT SYSTEM - ISO 14001:2015	 By Royal Charter	<b>Gámaþjónusta Norðurlands</b> Hlíðarvillum Akureyri 603 Íceland	<b>Provision of containers, collection, storage and sorting of wastes. Collection, handling and storage of hazardous wastes for disposal or recycling.</b>  Gámaþjónusta, söfnun, geymsla og flokkun á úrgangi. Söfnun, meðhöndlun og geymsla á spilliefnum í eyðingu eða endurvinnslu.
This is to certify that:  Gámaþjónustan hf. Bergheilla 1 221 Hafnarfjörður Iceland			
Holds Certificate No: <b>EMS 592215</b> and operates an Environmental Management System which complies with the requirements of ISO 14001:2015 for the following scope:  Provision of containers, collection, storage and sorting of wastes. Composting of biodegradables into soils. Fragmentation of wood. Rental of portable toilets. Cleaning of streets. Transport of machinery. Waste related consultancy. Servicing and maintenance of containers and vehicles. Collection, handling and storage of hazardous wastes for disposal or recycling.  Gámaþjónusta, söfnun, geymsla og flokkun á úrgangi. Jarðgerð. Timburbrotning. Leiga á feranlegum salernum. Góðsöðun. Flutningar á veltum. Ráðgjöf tengd úrgangsmálum. Þjónusta og viðhald á gámum og bifreiðum/vekjum. Söfnun, meðhöndlun og geymsla á spilliefnum í eyðingu eða endurvinnslu.			
For and on behalf of BSI:   Andrew Laurin, EMEA Systems Certification Director	Original Registration Date: 2013-03-26 Latest Revision Date: 2018-06-27	Effective Date: 2018-06-27 Expiry Date: 2021-06-26	Original Registration Date: 2013-03-26 Latest Revision Date: 2018-06-27  Effective Date: 2018-06-27 Expiry Date: 2021-06-26  Page: 3 of 3
  			
<small>This certificate was issued electronically and remains the property of BSI and is bound by the conditions of contract. An electronic certificate can be authenticated <a href="http://www.bsi-global.com/ClientDirectory">online</a>. Printed copies can be validated at <a href="http://www.bsi-global.com/ClientDirectory">www.bsi-global.com/ClientDirectory</a> or telephone +31 (0)20 3460 730.</small>	<small>Information and Contact: BSI, Attention: Glastonbury, Dairy Avenue, Kings Hill, Milton Keynes MK15 8PP, UK. Tel: +44 (0)1235 933300. BSI Assurance UK Limited, registered in England under number 7805331 at 389 Chiswick High Road, London W4 4AL, UK. A Member of the BSI Group of Companies.</small>	<small>Information and Contact: BSI, Attention: Glastonbury, Dairy Avenue, Kings Hill, Milton Keynes MK15 8PP, UK. Tel: +44 (0)1235 933300. BSI Assurance UK Limited, registered in England under number 7805331 at 389 Chiswick High Road, London W4 4AL, UK. A Member of the BSI Group of Companies.</small>	<small>Information and Contact: BSI, Attention: Glastonbury, Dairy Avenue, Kings Hill, Milton Keynes MK15 8PP, UK. Tel: +44 (0)1235 933300. BSI Assurance UK Limited, registered in England under number 7805331 at 389 Chiswick High Road, London W4 4AL, UK. A Member of the BSI Group of Companies.</small>



## Gámaþjónustan hf. og dótturfélög

eru leiðandi fyrirtæki á sviði umhverfismála á Íslandi.

**Hlutverk** okkar er að aðstoða fyrirtæki, heimili, sveitarfélög og opinberar stofnanir við að losa úrgang og spilliefni á umhverfsvænan hátt og búum jafnframt til verðmæti í gegnum endurvinnslu. Þannig uppfyllum við þarfir viðskiptavina okkar og samfélagsins í heild um ábyrga úrgangsstjórnun.

**Giltin** okkar eru áreiðanleiki, fagmennska og umhverfisvernd.

### Gæðastefna

Við vinnum markvisst að því að veita viðskiptavinum góða þjónustu á hagkvæman og umhverfsvænan hátt.

Unnið er eftir gæðastefnu sem miðar að því að:

Tryggja að þarfir og væntingar viðskiptavina séu ávallt uppfylltar, með reglulegum mælingum og eftirfylgni.

Jákvætt samstarf sé viðhaft við innri og ytri viðskiptavinum, með reglulegum samskiptum.

Greina tækifæri til úrbóta og framþróunar, m.a. með eftirfylgni ábendinga og verkefna þannig að stöðugum úrbótum sé viðhaldið.

Tryggja starfsfólki góðar starfsaðstæður og tækifæri á reglulegri þjálfun og fræðslu.

Allir starfsmenn fyrirtækisins fylgi vinnuferlum samkvæmt gæðastjórnunarstaðlinum ISO 9001:2015 til að uppfylla væntingar viðskiptavina og annarra hagsmunaaðila.

### Umhverfisstefna

Við vinnum markvisst að því að lágmarka umhverfisáhrif starfsmanna og viðskiptavina.

Unnið er eftir umhverfisstefnu sem miðar að því að:

Vera í fararbroddi í meðhöndlun úrgangs á landsvísu og einsetja sér að kynna viðskiptavinum og starfsmönnum fyrirtækisins gildi endurvinnslu og endurnýtingar.

Leitast við að þekkja umhverfisáhrif starfsmanna og draga úr neikvæðum áhrifum á umhverfið, með reglulegum mælingum á þýðingarmiklum umhverfisþáttum.

Leggja sitt af mörkum til loftslagsmála með betri nýtingu auðlinda, bættri meðhöndlun úrgangs og með ráðgjöf til viðskiptavina.

Setja sér mælanleg umhverfismarkmið í þeim tilgangi að tryggja stöðugar úrbætur.

Fylgja lagalegum kröfum á sviði umhverfismála og vinna að stöðugum úrbótum í samræmi við umhverfstjórnunarstaðalinum ISO 14001:2015.

### Öryggisstefna

Við vinnum markvisst að því að tryggja öryggi starfsmanna á allan hátt.

Unnið er eftir öryggisstefnu sem miðar að því að:

Vinnuumhverfi starfsmanna myndi kjöraðstæður fyrir andlega og líkamlega velliðan þeirra við störf hjá fyrirtækinu.

Tryggja að ferli til stöðugra úrbóta sé til staðar og sé fylgt eftir með mælingum á árangri.

Fylgja lagalegum kröfum á sviði vinnuverndar, öryggismála og persónuverndar og vinna að stöðugum úrbótum.

Viðhalda reglulegri fræðslu með skipulegum og vönduðum hætti til starfsmanna og gesta.

Tryggja reglulegt eftirlit er lýtur að öryggismálum á öllum vinnuvæðum.

Sambýkkt 23. apríl 2018

Gunnar Bragason  
Framkvæmaastjóri

## Helstu þættir auðlindanotkunar sem varða grænt bókhald árið 2018 hjá Gámaþjónustu Norðurlands ehf. að Hlíðarvöllum Akureyri.

Grænt bókhald hefur sama uppgjörs tímabil og ársreikningur félagsins, frá 1. janúar til 31. desember ár hvert.

Breyta	Eining	Árið 2018	Árið 2017
Rafmagn	kWh	291.358	293.333
Heitt vatn	M <sup>3</sup>	29.674	29.246
Kalt vatn	KWh	4.186	3.850
Diselolía (lituð, ólituð og bensín)	l	295.874	338.628
Umhverfisslys		0	0

Til frekari útskýringar:

Magntölur sem fram koma í grænu bókhaldi eru unnar upp úr reikningum frá birgjum og af álestri mæla.

## Lokaorð

Fyrirtækið hefur um langa hríð notað slagorðið „Bætt umhverfi – betri framtíð“. Umhverfisstefna fyrirtækisins byggir á þessu slagorði og er jafnframt nánari útfærsla á því.

Það er metnaðarmál fyrirtækisins að leitast stöðugt við að þekkja umhverfisáhrif starfseminnar sinnar með góðri skráningu, eftirliti og mælingum og gera bragabót ef á þarf að halda.

Fyrirtækið er í fararbroddi í flokkun og endurvinnslu úrgangs á Íslandi og stuðlar að aukinni flokkun og endurvinnslu úrgangs viðskiptavina sinna. Fyrirtækið leggur einnig mikla áherslu á að kynna viðskiptavinum sem og öðrum gildi úrgangsflokkunar, endurvinnslu og endurnýtingu með það að markmiði að auka flokkun úrgangs og bæta nýtingu auðlinda.

### Staðfesting stjórnar

Stjórn Gámaþjónustu Norðurlands ehf. samþykkti umhverfis- gæða og öryggisstefnu 23.apríl 2018 til að skýra áherslur fyrirtækisins í umhverfismálum. Umhverfisstefnan hefur verið höfð að leiðarljósi í starfsemi fyrirtækisins. Grænt bókhald er birt samkvæmt reglugerð 851/2002 um grænt bókhald og er einn hlekkur í því að fylgjast með þeim þáttum starfseminnar sem hafa áhrif á umhverfið.

Stjórn Gámaþjónustu Norðurlands ehf. staðfestir hér með skýrslu um grænt bókhald.

30.apríl 2019

*Benedict Heinn*

---

*Guinna Brynjarsdóttir*

---

*Leifur Pálsson*

---

## Óháð staðfesting til Gámaþjónustu Norðurlands ehf vegna græns bókhalds

---

### Til stjórnar og hluthafa í Gámaþjónustu Norðurlands ehf.

Við höfum kannað skýrslu Gámaþjónustu Norðurlands ehf. um grænt bókhald fyrir árið 2018. Staðfesting okkar felst í skoðun á því hvort tölur sem gefnar eru upp í skýrslu Gámaþjónustu Norðurlands ehf. um grænt bókhald sé í samræmi við fjárhagsbókhald fyrirtækisins.

### Ábyrgð stjórnenda

Græna bókhaldið er lagt fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur.

### Ábyrgð okkar

Ábyrgð okkar felst í að afla nægilegrar vissu um og gefa óháð álit á því hvort upplýsingar séu réttar og í samræmi við starfsleyfi og lög og reglur um grænt bókhald. Skoðun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISAE 3000 um staðfestingar. Samkvæmt honum ber okkur að fara eftir settum siðareglum, þar með talið óhæðiskröfum, og skipuleggja og haga vinnu okkar þannig að nægjanleg vissa fáiast um hvort ákveðnar upplýsingar í skýrslunni séu í meginatriðum án annmarka.

Í því sambandi var eftirfarandi kannað með úrtökum:

- Hvort tölur sem gefnar eru upp séu í samræmi við fjárhagsbókhald félagsins
- Hvort tölulegar upplýsingar í skýrslunni séu í samræmi við frumgögn
- Hvort skilyrðum í lögum og reglum um innihald skýrslna um grænt bókhald sé fullnægt

Við teljum að við skoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Álit:

Það er álit okkar að skýrsla Gámaþjónustu Norðurlands ehf. um grænt bókhald sé gerð í samræmi við lög og reglur um innihald skýrslna um grænt bókhald og tölulegar upplýsingar í skýrslunni séu í samræmi við þær aðferðir sem þar er gerð grein fyrir.

Kópavogur, 30. apríl 2019

Deloitte ehf.

  
Ingvi Björn Bergmann, endurskoðandi